

Reykjavíkurborg
Einar Þorsteinsson formaður borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Samstarfsverkefni um nýtingu rafbíla við vörudreifingu í miðborg Reykjavíkur

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til þess góða samstarfs, sem tekizt hefur með Reykjavíkurborg, félaginu og ýmsum fleiri hagsmunaaðilum í verzlun, veitingarekstri og vörudreifingu um fyrirkomulag vörudreifingar í miðborginni. FA og Klúbbur matreiðslumeistara höfðu frumkvæði að slíku samstarfi með sameiginlegu erindi til þáverandi formanns umhverfis- og skipulagsráðs 19. marz 2018. Samstarf borgarinnar og hagsmunaaðila hefur síðan komizt á fastan grunn og starfar nú sérstakur starfshópur um vörudreifingu á vegum samstarfshóps miðborgarmála. Þetta samstarf hefur stuðlað að því að efla gagnkvæman skilning á milli borgaryfirvalda, rekstraraðila í miðborginni og stórra birgja sem þurfa að dreifa vörum í miðbænum. Tekizt hefur að sníða ýmsa vankanta af fyrirkomulagi dreifingar og bæta aðstöðu, meðal annars með því að merkja sérstök vörudreifingarstæði, greiða fyrir umferð vörubifreiða og fjölga göngu- og vistgötum þar sem vörudreifing er ótrufluð af annarri bílaumferð.

Á fundum um vörudreifingarmál í miðborginni hefur ítrekað verið spurt af hálfu fulltrúa borgarinnar hvort vörudreifingarfyrirtæki sæju sér fært að þjónusta miðborgina með rafmagnssendibílum, bæði til að draga úr hávaða (bílarnir hafa heimild til að fara um miðborgina á tímabilinu kl. 7-11 á morgnana og eru því á ferðinni þegar sumir íbúar eru ekki risnir úr rekkju) og til að draga úr mengun. Þróun stærri rafmagnsbíla, með nægilega burðargetu og drægni, hefur til þessa tæplega boðið upp á slíkt en nú stefnir í að breyting verði þar á. Væntanlegir eru til landsins 23 rafdrifnir vöruflutningabílar frá Volvo, sem ýmis íslensk fyrirtæki hafa fest kaup á. Þar á meðal er Ölgerðin, félagsmaður FA. Vitað er að fleiri félagsmenn FA í vörudreifingu fylgjast grannt með þróun rafdrifinna vöruflutningabíla. Mikill áhugi er á orkuskiptum meðal fyrirtækja og stendur Vörustjórnunarfélag Íslands til að mynda fyrir ráðstefnu um orkuskipti í vöruflutningum síðar í mánuðinum.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila Volvo hér á landi eru rafknúnir vörubílar 2,7 til 3,6 sinnum dýrari en sambærilegir dísilbílar. Má ætla að verðið á rafknúnu bílunum frá Volvo sé frá 40 til 60 milljónir króna. Auk þess felst umtalsverður kostnaður í uppsetningu hleðsluinnviða hjá rekstraraðilum bílanna. Kaup á bifreiðum af þessu tagi eru því bæði fjárhagslega og tæknilega stórt skref fyrir fyrirtækin.

FA fer þess á leit við borgaryfirvöld að þau taki þátt í samstarfsverkefni með FA og eftir atvikum fleiri aðilum, sem fælist í því að rafvæða flutningabílaflotann sem þjónustar miðborgina. Tillögur félagsins í þessu efni eru tvær:

1. Borgin veiti undanþágu frá reglum um hámarks lengd vörubifreiða sem nota má við vörudreifingu í miðborginni. Núgildandi reglur kveða á um 8 metra hámarks lengd, en Volvo-bíllinn sem Ölgerðin hefur tryggt sér er 8,5 metrar svo dæmi sé tekið.
2. Rafknúnum vörubifreiðum, sem væru sérstaklega merktar verkefninu, yrði heimilað að aka á sérakreinum sem eingöngu strætó, leigubílum og neyðarumferð er heimilt að nota í dag. Þetta myndi veita fyrirtækjum í vörudreifingu öflugan hvata til að ráðast í þá miklu fjárfestingu sem felst í kaupum á rafdrifnum vörubifreiðum.

FA hefur vissu fyrir því að árangur samstarfsverkefnis af þessu tagi gæti orðið mikill og ápreifanlegur; það myndi hraða orkuskiptum í vörudreifingu og efla enn gagnkvæman hag rekstraraðila, íbúa og viðskiptavina í miðborginni af skilvirkri og nútímalegri vörudreifingu.

Félagið er að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með fulltrúum borgarinnar um framhald þessa máls.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Samrit: Alexandra Briem, starfandi formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Samstarfsverkefni um nýtingu rafbíla við vörudreifingu í miðborg Reykjavíkur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. janúar 2023 var lagt fram erindi Félags atvinnurekanda um samstarfsverkefni um nýtingu rafbíla við vörudreifingu í miðborg Reykjavíkur. Í erindinu voru lagðar fram tvær tillögur sem eru svohljóðandi:

1. Borgin veiti undanþágu frá reglum um hámarkslengd vörubifreiða sem nota má við vörudreifingu í miðborginni. Núgildandi reglur kveða á um 8 metra hámarkslengd, en Volvobíllinn sem Ölgerðin hefur tryggt sér er 8,5 metrar svo dæmi sé tekið.

2. Rafknúnum vörubifreiðum, sem væru sérstaklega merktar verkefninu, yrði heimilað að aka á sérakreinum sem eingöngu strætó, leigubílum og neyðarumferð er heimilt að nota í dag. Þetta myndi veita fyrirtækjum í vörudreifingu öflugan hvata til að ráðast í þá miklu fjárfestingu sem felst í kaupum á rafdrifnum vörubifreiðum

Var tillögunum vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Umsögn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar fagnar því að fyrirtæki í vörudreifingu séu að festa kaup á rafmagnbílum eins og kemur fram í erindi Félags atvinnurekanda.

Í núverandi samþykkt um takmörkun á lengd ökutækja í miðborginni er kveðið á um að lengd þeirra sé ekki meiri en 8 metrar. Nokkrar leiðir eru færar til að koma til móts við Félag atvinnurekanda um hámarkslengd bifreiða en einfaldast í útfærslu sé að hækka heimila hámarkslengd ökutækja innan svæðisins í 9 m. Önnur leið er að heimila lengri rafdrifin ökutæki en það er flóknara að merkja og fylgja eftir. Rétt er að minna á að aðstæður í miðborginni eru þröngar og því eiga stærri ökutæki erfiðara með að komast örugglega um. Verði skrifstofunni falið að útfæra tillöguna kann að vera að nánari skoðun á aðstæðum leiði í ljós að ekki sé ráðlagt að heimila lengri ökutæki á öllu svæðinu.

Sérakreinar sem vísað er til eru almennt ætlaðar almenningssamgöngum. Í einhverjum tilfellum er leigubifreiðum einnig heimilt að nota þær. Mikilvægt er að halda skýrleika varðandi notkun sérreina fyrir almenningssamgöngur til að ekki sé grafið undan ávinningi þeirra þ.e. að stuðla að greiðum almenningssamgöngum. Óæskilegt er að heimila vörubifreiðum, óháð því hvaða orkugjafa þeir ganga fyrir, að aka á sérakreinum.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samöngustjóri